

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna Félags leikskólakennara**

Fundur haldin fimmtudaginn 23. maí 2019 í Borgartúni 30 Reykjavík og hófst hann kl. 14:00.

Á fundinum voru: Haraldur F. Gíslason, fyrir hönd Félags leikskólakennara. Fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga, Inga Rún Ólafsdóttir, Harpa Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár.

**1. Nýtt starfsheiti leiðsagnarkennara í kjarasamningi FL.**

Samningsaðilar eru sammála um að taka upp eftirfarandi starfsheiti leiðsagnarkennara.

**Leiðsagnarkennari**

Kennari sem tekur að sér leiðsögn við starfsnámsnema, nema/vettvangsnema og nýliða í starfi ber starfsheitið leiðsagnarkennari. Leiðsagnarkennari er faglegur leiðtogi í lærdómssamfélagi leikskóla og er/getur verið starfandi kennurum til ráðgjafar þegar kemur að starfsþróun og endurmenntun. Starf við leiðsögn skal aldrei vera minna en 20 % starfshlutfall og er alltaf tímabundið til eins skólaárs í senn. Leiðsagnarkennarinn skal fá að lágmarki 8 klukkustundir á viku til starfsins. Skilyrði er að leiðsagnarkennari hafi a.m.k. þriggja ára starfsreynslu og leyfisbréf til kennslu í leikskóla.

Viðfangsefni leiðsagnarkennara skulu útfærð nánar að frumkvæði leikskólastjóra í hverjum leikskóla fyrir sig í samráði við starfsmann sem falið er að sinna leiðsögn. Starfið skal þá taka mið af umfangi leiðsagnar s.s. út frá fjölda nema, nýliða eða annarra þeirra verkefna sem kunna að snúa að hlutverki leiðsagnarkennara sem faglegur leiðtogi í lærdómssamfélagi leikskóla.

Leiðsagnarkennari 1: Leikskólakennari sem tekur að sér leiðsögn grunnraðast í launaflokk 235.

Leiðsagnarkennari 2: Sérkennari/Verkefnastjóri/Sérgreinakennari sem tekur að sér leiðsögn grunnraðast í launaflokk 236.

Leiðsagnarkennari 3: Deildarstjóri sem tekur að sér leiðsögn grunnraðast í launaflokk 237.

Leiðsagnarkennari 4: Sérkennslustjóri sem tekur að sér leiðsögn grunnraðast í launaflokk 238.

Starfsmaður sem tekur tímabundið að sér móttöku nema/vettvangsnema sem ekki eru í starfsnámi á lokaári fellur ekki undir starfsheiti Leiðsagnarkennara.

*Leiðsagnarkennari sinnir leiðsögn við starfsnámsnema, vettvangsnema og nýliða vegna starfa þeirra á vettvangi s.s. við undirbúning kennslu, kennsluáætlanagerð, ráðgjöf vegna kennslu og annars samstarfs við nemendur, foreldrasamstarfs og annarra faglegra starfa sem starfi kennara tilheyra.*

*Í samráði við leikskólastjóra kemur leiðsagnarkennari að skipulagningu, áætlanagerð, mati og endurgjöf sem tengist leiðsögn við starfsnámsnema, vettvangsnema og nýliða og vinnur hann þá í samstarfi við háskóla viðkomandi starfsnáms-, vettvangsnema.*

*Starfsnámsnemi starfar að lágmarki í 50% starfi við kennslu á lokaári kennaranáms hvort sem námið er launað starfsnám eða ekki.*

*Vettvangsnemi/nemi er nemandi í kennaranámi sem ekki er starfsnámsnemi á lokaári. .*

Ákvæði kjarasamnings FL og SNS um leiðsagnarkennara gildir til 31. júlí 2020 en skal endurskoðað fyrir upphaf næsta skólaárs.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 15:00.